

Matís ohf.

Ársreikningur 2025

kt: 670906-0190

Vínlandsleið 12

113 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Starfsemi félagsins

Mátis ohf. var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Mátis styður við verðmætasköpun, lýðheilsu og matvælaöryggi og leitast við að hafa áhrif á samfélagið með rannsóknum, í samstarfi við atvinnulíf og hið opinbera. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum í matvælaíðnaði þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og verðmætaaukningu. Verkefni eru unnin í samvinnu við innlenda matvælaframleiðendur, háskóla, fyrirtæki og stofnanir sem með einhverjum hætti veita matvælaíðnaði þjónustu. Markvisst er unnið að því að auka samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki í gegnum alþjóðleg rannsókn- og þróunarverkefni sem stuðlar að bæði miðlun og öflun þekkingar. Starf Mátis er fjármagnað að hluta með þjónustusamningi við atvinnuvegaráðuneytið, en auk þess með verkefnum fyrir ýmsar opinberar stofnanir og eftirlitsaðila, ráðgjafaverkefnum, þjónustumælingum og rannsókna- og nýsköpunarverkefnum úr innlendum og erlendum samkeppnisjóðum. Mátis er með starfsemi víðsvegar um Ísland og rekur starfsstöðvar í öllum landsfjórðungum. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins er deilt á tvö svið, rannsóknarsvið og þjónustusvið, auk starfa við rekstur og framkvæmdastjórn.

Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Tap af rekstri félagsins fyrir árið 2025 var 20 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember námu heildareignir félagsins 762 millj. kr. og bókfært eigið fé nam 135 millj. kr. Ársverk hjá Mátis á árinu 2025 voru 85 þar af voru konur í 53,8 stöðugildum og karlar í 31,2 stöðugildum.

Gerður var nýr þjónustusamningur á árinu 2025 við ráðuneytið til eins árs sem gildi frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025, en hann var endurnýjaður þann 31. janúar 2026 og gildir endurnýjaður samningur frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026. Samningurinn tryggir rannsóknir Mátis á sviði matvælaöryggis vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera og styður við aðra starfsemi fyrirtækisins. Þá var undirritaður viðbótarsamningur þann 27. júní 2025, um stuðning atvinnuvegaráðuneytis við eigin fjármögnun vegna erlendra styrkja á árinu 2025. Endurnýjun á samningum var gerð á árinu 2026 og gildir sá stuðningur við eigin fjármögnun vegna rannsókna Mátis, út árið 2026.

Stjórn Mátis leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum í starfsemi félagsins sem tryggir fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Þá hefur stjórn Mátis sett sér starfs- og siðareglur til þess að vinna eftir.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Helstu óvissuþættir í starfsemi félagsins eru efnahagsumhverfi, ákvarðanir í ríkisfjármálum, lausafjárahætta og innheimta viðskiptakrafna.

Mátis ohf reidir sig á stuðning frá Ríkissjóði og því geta breyttar áherslur í ríkisfjármálum haft áhrif á félagið.

Lausafjárahætta er hættan á að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar á gjalddögum. Stjórnendur gera greiðsluáætlanir fram í tímann og hafa gott daglegt eftirlit með lausafjárstöðu. Lausafjárstaðan er ágæt og félagið er með góðan aðgang að skammtímafjármögnun hjá viðskiptabanka. Lausafjárahætta er ekki metin mikil.

Kröfuáhætta er hættan á að viðskiptavinir félagsins standi ekki við skuldbindingar sínar. Allar viðskiptakröfur í ársreikningi félagsins hafa verið aldursgreindar og metnar með tilliti hve líklegt er að þær fái innheimtar. Ef einhver óvissa ríkir um innheimtu krafna eru þær færðar niður í óbeinni niðurfærslu í ársreikningi. Almennt hefur tap viðskiptakrafna verið óverulegt undanfarin ár en breytingar í forsendum samninga við viðskiptavinir geta leitt til breytinga á innheimtu viðskiptakrafna.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Stjórn

Í stjórn félagsins eru fimm stjórnarmenn og þar af þrjár konur og tveir karlar.

Eignarhald félagsins og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkissjóðs eins og í ársbyrjun.

Ekki er heimild til úthlutunar arðs á árinu 2026 og vísar stjórn Matís ohf. til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé félagsins á árinu 2025.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri Matís ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025, með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 5. júní 2026

RAFRÆN UNDIRRITUN Á FORSÍÐU

Salvör Jónsdóttir, stjórnarformaður

Sindri Karl Sigurðsson, stjórnarmaður

Hólmfríður Sveinsdóttir, stjórnarmaður

Salóme Hallfreðsdóttir, stjórnarmaður

Sigmundur Einar Ófeigsson, stjórnarmaður

Oddur Már Gunnarsson, forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Matís ohf fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháðir Matís ohf í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru næganleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 5. júní 2026

RAFRÆN UNDIRRITUN Á FORSÍÐU

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
löggiltur endurskoðandi



Gæðaendurskoðun slf
Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta		755.315.293	635.517.892
Styrkir vegna rannsóknarverkefna	3	620.672.807	697.205.026
Samningar við ráðuneyti		614.400.000	505.000.000
	4	<u>1.990.388.100</u>	<u>1.837.722.918</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	8	1.221.021.754	1.159.776.680
Annar rekstrarkostnaður		735.353.315	690.263.824
		<u>1.956.375.069</u>	<u>1.850.040.504</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða og afskrifta		34.013.031	(12.317.586)
Afskriftir óefnislegra eigna og varanlegra rekstrarfjármuna	9,10	(58.884.172)	(60.546.423)
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða		<u>(24.871.141)</u>	<u>(72.864.009)</u>
Vaxtatekjur		4.951.179	8.832.621
Vaxtagjöld		(5.207.192)	(9.527.108)
Gengismunur	5	(304.273)	(1.089.575)
		<u>(560.286)</u>	<u>(1.784.062)</u>
Tap af rekstri fyrir tekjuskatt		(25.431.427)	(74.648.071)
Tekjuskattur	13,14	<u>5.082.005</u>	<u>14.925.434</u>
Tap ársins		<u><u>(20.349.422)</u></u>	<u><u>(59.722.636)</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir			
	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður	9	16.419.856	16.013.324
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Rannsóknartæki		182.158.931	207.060.787
Innréttingar		709.980	3.549.903
Áhöld og tæki		424.824	788.959
	10	183.293.735	211.399.648
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í dótturfélögum	11	750.000	750.000
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	807.950	807.950
		1.557.950	1.557.950
Reiknuð tekjuskattseign	13,14	50.989.882	45.907.877
Fastafjármunir		252.261.423	274.878.799
Veltufjármunir:			
Vörslufé		154.864.009	0
Vörslufé, mótreikningur	(	154.864.009)	0
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		149.432.727	100.263.325
Viðskiptakröfur, rannsóknarverkefni		303.906.219	289.935.868
Aðrar skammtímakröfur		1.108.442	1.926.212
Handbært fé		55.766.729	117.421.195
Veltufjármunir		510.214.116	509.546.600
Eignir samtals		762.475.539	784.425.399

31. desember 2025

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé:			
Hlutfé	16,17	150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		4.948.160	4.948.160
Lögbundinn varasjóður		13.225.062	13.225.062
Ójafnað eigið fé		(32.769.515)	(12.420.094)
Eigið fé	17	135.403.707	155.753.128
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		111.786.718	117.662.072
Fyrirframinnheimtar tekjur	18	329.512.702	347.160.050
Aðrar skammtímaskuldir		185.772.413	163.850.149
Skammtímaskuldir		627.071.833	628.672.271
Skuldir samtals		627.071.833	628.672.271

Skuldir og eigið fé samtals

762.475.539

784.425.399

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar:			
Tap ársins		(20.349.422)	(59.722.636)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9,10	58.884.172	60.546.423
Reiknuð tekjuskattseign, breyting	13,14	(5.082.005)	(14.925.434)
		<u>33.452.745</u>	<u>(14.101.647)</u>
Veltufé frá (til) rekstrar			
Breytingar á rekstrartengdum eignum:			
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)		(63.139.753)	34.661.374
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		817.770	(147.422)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum:			
Viðskiptaskuldir, (lækkun) hækkun		(5.875.354)	(102.038.312)
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun (lækkun)		(17.647.348)	213.846.684
Aðrar skammtímaskuldir, hækkun		21.922.263	26.497.059
		<u>(63.922.422)</u>	<u>172.819.383</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>(30.469.677)</u>	<u>158.717.736</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Kaupverð óefnislegra eigna	9	(5.503.404)	(15.116.345)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(25.681.386)	(28.082.584)
		<u>(31.184.790)</u>	<u>(43.198.929)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	(18.855.507)
		<u>0</u>	<u>(18.855.507)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(61.654.466)	96.663.300
Handbært fé í ársbyrjun		<u>117.421.195</u>	<u>20.757.895</u>
Handbært fé í árslok		<u>55.766.729</u>	<u>117.421.195</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir og ýmsar grunnupplýsingar

1. Mátis ohf er íslenskt opinbert hlutafélag sem var stofnað á grundvelli laga um Mátis nr. 68/2006. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálagri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og reka aðra skylda starfsemi. Mátis ohf er skráð á Vínlandsleið 12 og er það heimilisfesti félagsins. Félagið er jafnframt með fjórar starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins sem eru á Ísafirði, Akureyri, Hvanneyri og í Neskaupstað.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Gerð var breyting á reikningsskilaaðferð vegna innlausnar tekna af rannsóknarverkefnum, sjá skýringu 3. Að öðru leyti er hann gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
3. Á árinu 2025 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við tekjufærslu styrkja vegna rannsóknarverkefna.

Fram til þessa voru tekjur vegna rannsóknarverkefna færðar á grundvelli mats verkefnastjóra á framvindu verkefna. Með breyttri aðferð eru rannsóknarstyrkir færðar til tekna að hámarki sem nemur lægri fjárhæð annars vegar af áföllnum kostnaði verkefna og hins vegar af framvindu verkefna samkvæmt mati stjórnenda.

Markmið breytingarinnar er að auka varfærni og tryggja að tekjufærsla endurspegli betur raunverulega framvindu og kostnað verkefna.

Breytingin telst vera breyting á reikningsskilaaðferð en ekki leiðrétting á villu. Breytingunni hefur verið beitt afturvirk og samanburðarfjárhæðir endurreiknaðar í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og viðurkennda reikningsskilavenju.

Áhrif breytingarinnar á ársreikning félagsins eru eftirfarandi:

Áhrif breytingarinnar á rekstrarreikning

2024	Fyrir breytingu	Áhrif breytingar	Endurreiknað
Styrkir vegna rannsóknarverkefna	640.584.078	56.620.948	697.205.026
Tekjuskattur	26.249.624	(11.324.190)	14.925.434
Tap ársins	(105.019.395)	45.296.758	(59.722.636)

Áhrif breytingarinnar á óráðstafað eigið fé

	Fyrir breytingu	Áhrif breytingar	Endurreiknað
Óráðstafað eigið fé 1.1.2024	177.691.501	(130.388.958)	47.302.543
Óráðstafað eigið fé 31.12.2024	72.672.106	(85.092.200)	(12.420.094)
Óráðstafað eigið fé 31.12.2025	32.340.391	(65.109.906)	(32.769.515)

Breytingin leiddi til lækkunar áður tekjufærðra styrkja og samsvarandi breytingar á viðskiptakröfum og/eða fyrirframinnheimtum tekjum. Breytingin hafði einnig áhrif á tekjuskatt og tekjuskattseign félagsins og hafa samanburðarfjárhæðir verið uppfærðar til samræmis.

Skýringar, frh.:

4. Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið afhent eða innt af hendi. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar mánaðarlega og reikningsfærðar í lok hvers mánaðar. Styrkir vegna rannsóknarverkefna eru færðir til tekna í samræmi við framvindu verkefna eða á móti áföllnum kostnaði vegna þeirra, hvort sem lægra reynist. Styrkir frá ráðuneyti vegna almennrar starfsemi félagsins eru færðir til tekna á því tímabili sem þeir varða.
5. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags og gengismunur vegna viðskiptanna er færður í rekstrarreikning.
6. Verðtryggðar eignir og skuldir í árslok eru færðar upp miðað við vísitölu í janúarbyrjun 2026. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðast skráðu gengi gjaldmiðla í desember 2025.
7. Frekari umfjöllun um reikningsskilaaðferðir vegna einstakra liða í ársreikningi er að finna í skýringum fyrir viðkomandi liði hér á eftir.

Rekstrarreikningur

Laun og launatengd gjöld

8. Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast sem hér segir:	2025	2024
Laun	976.967.021	939.279.166
Bifreiðastyrkur	10.759.543	9.803.724
Mótframlag í lífeyrissjóð	131.207.465	127.177.367
Önnur launatengd gjöld	102.087.725	83.516.423
Samtals laun og launatengd gjöld ársins	1.221.021.754	1.159.776.680
Fjöldi ársverka á árinu	85,0	86,3

Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 40,1 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 37,8 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

Fastafjármunir

Óefnislegar eignir

9. Óefnislegar eignir samanstanda af hugbúnaði og eru færðar til eignar á upphaflegu kaupverði, að fráðregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig:

	Hugbúnaður
Heildarverð 1.1.2025	58.398.017
Afskrifað samtals 1.1.2025	(42.384.693)
Bókfært verð 1.1.2025	16.013.324
Keypt á árinu	5.503.404
Afskrifað á árinu	(5.096.872)
Bókfært verð 31.12.2025	16.419.856
Heildarverð 31.12.2025	63.901.421
Afskrifað samtals 31.12.2025	(47.481.565)
Bókfært verð 31.12.2025	16.419.856
Afskriftahlutföll	20%

Varanlegir rekstrarfjármunir

10. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði, að fráðregnum afskriftum.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2025	1.079.656.075	28.253.078	21.580.372	1.129.489.525
Afskrifað samtals 1.1.2025	(872.595.288)	(24.703.174)	(20.791.414)	(918.089.876)
Bókfært verð 1.1.2025	207.060.787	3.549.904	788.958	211.399.648
Keypt á árinu	25.681.386	0	0	25.681.386
Afskrifað á árinu	(50.583.242)	(2.839.923)	(364.135)	(53.787.300)
Bókfært verð 31.12.2025	182.158.931	709.980	424.824	183.293.735
Heildarverð 31.12.2025	1.105.337.461	28.253.078	21.580.372	1.155.170.911
Afskrifað samtals 31.12.2025	(923.178.530)	(27.543.097)	(21.155.549)	(971.877.176)
Bókfært verð 31.12.2025	182.158.931	709.980	424.824	183.293.735
Afskriftahlutföll	20-30%	20%	20-30%	

Vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna nam 1.220.637.730 kr. þann 31.12.2025.

Skýringar, frh.:

Fjáreignir

11. Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir á kostnaðaverði samkvæmt heimild í 40. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 sbr. 70. gr. sömu laga.

Félagið gerir ekki samstæðureikning með dótturfélögum sínum í samræmi við heimild í 68.gr laga um ársreikninga.

Upplýsingar um eignarhluti í dótturfélögum:	Eignarhlutur	Bókfært verð
ChemoBacter ehf, Reykjavík	100%	500.000
UNA skincare ehf, Reykjavík	50%	250.000
Eignarhlutir í dótturfélögum samtals		750.000

12. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði og greinast þannig í árslok:

	2025	2024
Óskráð innlend hlutabréf	807.950	807.950
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok	807.950	807.950

Reiknuð tekjuskattseign

13. Tekjuskattseign er reiknuð og færð til eignar í ársreikningnum. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

14. Reiknuð tekjuskattseign greinist þannig:	2025	2024
Reiknuð tekjuskattseign í ársbyrjun	45.907.877	30.982.443
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	5.082.005	14.925.434
Reiknuð tekjuskattseign í árslok	50.989.882	45.907.877
Reiknuð tekjuskattseign skiptist þannig á liði:	2025	2024
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	(4.535.726)	(7.061.593)
Frestaður gengismunur	113.208	124.893
Yfirfæranlegt skattalegt tap	55.412.400	52.844.577
Reiknuð tekjuskattseign í árslok	50.989.882	45.907.877

Skýringar, frh.:

15. Skattalegt tap í árslok 2025, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 277.062.000 kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársins 2033	44.745.399
Tap ársins 2024, nýtanlegt til ársins 2034	113.112.239
Tap ársins 2025, nýtanlegt til ársins 2035	119.204.362
Yfirfæranlegt skattalegt tap	277.062.000

Eigið fé

16. Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 150.000.000 kr. í árslok 2025. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

17. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2025	150.000.000	4.948.160	13.225.062	72.672.106	240.845.328
Leiðr. fyrra árs				(85.092.200)	(85.092.200)
Leiðr. eigið fé 1.1.2025 .	150.000.000	4.948.160	13.225.062	(12.420.094)	155.753.128
Tap ársins				(20.349.422)	(20.349.422)
Eigið fé 31.12.2025	150.000.000	4.948.160	13.225.062	(32.769.515)	135.403.706

Fyrirframinnheimtar tekjur:

18. Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af styrkjum vegna verkefna, sem eru greiddir fyrirfram og tekjufærast síðar á móti kostnaði í verkefnum.

Skattamál

19. Á árinu 2023 var lögum um tekjuskatt breytt þannig að tekjuskattshlutfall hækkaði tímabundið úr 20% í 21% og er því 21% tekjuskattshlutfall vegna ársins 2024. Tekjuskattshlutfallið breytist svo aftur á árinu 2025 í 20%.

Í ársreikningi félagsins er ekki tekjuskattur til greiðslu á árinu 2026 vegna ársins 2025 en hann hefði verið reiknaður miðað við 20% tekjuskattshlutfall. Reiknuð tekjuskatteign að fjárhæð 51,0 millj. kr. er reiknuð miðað við 20% tekjuskattshlutfall.

Skýringar, frh.:

Póknun til endurskoðanda

20. Póknun til endurskoðanda félagsins á árinu 2025 nam 5,7 millj. kr. (2024: 4,7 millj. kr.)

Skuldbindingar

21. Félagið er með á leigu skrifstofu- og atvinnuhúsnæði fyrir rekstur sinn. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Í samningum er að finna uppsagnarheimildir en til staðar eru einnig framlengingarákvæði sem spanna frá einu ári upp í tíu.

Gjaldfærð húsaleiga nam 195,7 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 186,3 millj. kr.) og er húsaleigan færð á meðal annars rekstrarkostnaðar. Neðangreind tafla sýnir leigugreiðslur sem félagið skuldbindur sig til að greiða næstu árin, en ekki er tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á leigugreiðslurnar:

	Fjárhæð
Húsaleiga árið 2026	174.264.189
Húsaleiga árið 2027	155.601.730
Húsaleiga árið 2028	155.601.730
Húsaleiga árið 2029	155.601.730
Húsaleiga árið 2030	155.601.730